

FÍNHREYFINGARÞJÁLFUN

fyrir duglega krakka

Að læra að valda skriffæri getur tekið sum börn lengri tíma en önnur. Vinna með blað og blýant er ekki endilega besta leiðin til að þjálfra fínhreyfingar heldur þarf að styrkja vöðva og slípa færni sem er undanfari þess að barnið geti farið að takast á við vinnu með skriffæri.

Æfingarnar eru margar og fjölbreytilegar en gott er að byrja á æfingu sem barnið veldur nokkuð vel og velja síðan smám saman þyngri æfingar. Dagleg þjálfun skilar mestum árangri en hún þarf ekki að vara lengi í einu. Þjálfunartíminn getur verið gæðastund þar sem notalegt andrúmsloft, jákvætt viðhorf og góð hvatning skilar barninu smám saman í rétta átt og svo er auðvelt að klæða þessa vinnu í búning leiks. Þjálfunin getur farið fram heima eða í stöðvavinnu í skóla. Í þessu sem öðru skapar æfingin meistarann og það er alltaf ávinningur af markvissri þjálfun.

Tillögur að þjálfun

